



ER ÞAÐ GÓÐ HUGMYND AÐ LIMLESTA DÓTTUR ÞÍNA?

Fyrir skjólstæðinga



Félagslegur þrýstingur

Það getur verið erfitt að standast félagslegan þrýsting frá samfélagi þínu um að limlesta ekki dætur þínar og getur verið erfitt að standa á móti þínum siðvenjum.



Ekki láta undan þrýstingi að gera eitthvað við barnið þitt sem getur valdið því skaða.

Þessi bæklingur

- Hjálpar þér að vera á móti því að dóttir þín verði fyrir limlestingum og
- gefur þér góðan rökstuðning þegar einhver er að reyna að fá þig til limlesta dóttur þína.

Líkamar okkar eru skapaðir fullkomnir.

Barnið þitt er einstök manneskja sem hefur rétt á sínum eigin líkama.

Þú getur hjálpað dóttur þinni með að vernda líkama hennar. Engin trú – ekki Íslam – ekki kristin trú – veitir foreldrum leyfi til að láta fjarlægja heilbrigða líkamsparta af barni sínu.

Engir foreldrar vilja valda börnum sínum skaða. Ef þú veist hvaða skaða limlestingar geta valdið barni þínu, þá myndir þú líka vilja að limlestingar yrðu bannaðar.

Allir foreldrar vilja gera það rétta/besta fyrir börn sín – vertu viss um að taka rétta ákvörðun.

Hér eru nokkrir þættir sem þú getur gert til að sporna við samfélagslegum þrýstingi

- Ræddu málið við þá sem eru á móti FGM.
- Ræddu við vini sem þú treystir að geti hjálpað þér í aðstæðum þar sem foreldrar þínir eru á móti ákvörðun þinni.
- Vertu varkár þegar dóttir þín fer í heimsókn til fjölskyldu í heimalandinu – sérstaklega ef þú ert ekki með til að vernda hana.



Svör sem þú getur notað þegar einhver er að reyna að sannfæra þig um að limlesta (FGM) dóttur þína:

- Ég tek ekki áhættu með dóttur mína, hún gæti dáíð, þurft að lifa með verki alla sína ævi.
- Á Íslandi hef ég val að sleppa þessari siðvenju. Þess vegna vel ég að gera þetta ekki.
- Ég virði mannréttindi.
- Ég frem ekki glæp.
- Ég vil ekki fara í fangelsi. Ef ég er í fangelsi get ég ekki hjálpað fjölskyldu minni.
- Ég tek ekki þá áhættu að dóttir mín ásaki mig alla ævi þegar hún er eldri.
- Ég vil að dóttir mín ráði sjálf yfir sínum líkama.
- Ég ber virðingu fyrir Guði (Allah), sem hefur gefið barni mínu fullkominn líkama.
- Ég kenni dóttur minni góða siði og gildi svo hún verði góð manneskja.

- Ég vil að dóttir mín giftist góðum manni sem ber virðingu fyrir henni og vill ekki taka eitthvað burt frá henni.
- Ég elska og er stolt/ur af landi mínu og menningu – en ekki þessari siðvenju.
- FGM – limlesting á kynfærum kvenna er bannað í 25 Afríkulöndum.
- 30 Afríkulönd hafa sett reglur/nefndir sem vinna að því að vernda stúlkur fyrir limlestingum á kynfærum og öðrum siðvenjum sem skaða.
- Unnið er að því að vinna gegn limlestingum á kynfærum kvenna þar sem þessi siðvenja er enn.

Lög á Íslandi banna FGM – limlestingar á stúlkubörnum/konum og ber að tilkynna það til barnaverndar ef áhyggjur vakna.

Frumvarp til laga

131. löggjafarþing 2004-2005

Þskj. 67-67. mál

Frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

3. gr.

Á eftir 218. gr. laganna kemur ný grein, 218. gr. a, sem orðast svo:

Hver sem með ásetningi eða gáleysi, með eða án samþykkis, veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með limlestingu á kynfærum hennar, þ.e. með því að fjarlægja þau að hluta eða öllu leyti, skal sæta fangelsi allt að sex árum. Hafi verknaðurinn haft svo alvarlegar afleiðingar að bani hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna aðferðarinnar eða tækja sem notuð eru varðar brotið fangelsi allt að 16 árum.

Það er ekki gott að limlesta (FGM) dóttur þína;

vegna:

- Þú getur verið völd/valdur að því að stúlkan hafi vandamál og áverka til framtíðar – heilsutengda, andlega og félagslega. Láttu barnið halda sínum fullkomna líkama.
- Það geta verið miklar deilur innan fjölskyldunnar þegar barnið fullorðnast og áttar sig á hvað hefur verið gert við hana og hvað hefur verið tekið frá henni.
- Þú þarft að bera þá sektarkennd og leyndarmál alla tíð um að þú hafir framið lögbrot. Limlestingar á kynfærum stúlkubarna/kvenna - FGM – eru bannaðar/ólöglegar á Íslandi. Þú getur ekki hjálpað fjölskyldu þinni ef þú ert í fangelsi.
- Dóttir þín þarf að vera með það leyndarmál alla ævi að þú hafir framið glæp. Það er þín skylda að sjá til þess að barnið eigi bestu mögulegar líkur á eðlilegu og góðu lífi – hjálpaðu henni að vernda og ákveða sjálf með sinn eigin líkama.

Vertu stolt/ur af eigin menningu

- Vertu sjálfstæð/ur og byggðu eigin sjálfræði um jákvæða hluta menningar þinnar. FMG – limlestingar á kynfærum stúlkna/kvenna skaðar, eru óþarfar og ólöglegar. Umfaðmaðu það góða í menningu þjóðar þinnar.
- Talaðu við barn þitt um gildi og menningu. Kenndu þeim góða siði þannig að þær geti verið góðar manneskjur.
- Ef dóttir þín vill fara í aðgerð til að laga FGM sýndu henni stuðning svo hún geti losnað við heilsuvandamál tengd limlestingu á kynfærum hennar FGM.
- Kona þarf ekki að vera umskorin til að verða heiðvirð kona. Persónuleiki skapast af skoðunum og gildum.

Frekari spurningar og aðstoð

Heilsugæslan; t.d. heimilislæknar, ljósmæður og hjúkrunarfræðingar

Kvennaheilsa, Kvennadeildir

Kvensjúkdóma- og fæðingalæknar

Norskur bæklingur fyrir foreldra [helsenorge.no](https://www.helsenorge.no) til á nokkrum tungumálum

Norsk helsenett. Språkpolitikk for Helsenorge. [Internett]. Oslo: Helsedirektoratet; uppfært miðvikudaginn 1. nóvember 2023 [sótt fimmtudaginn 10. apríl 2025]. Fáanlegt frá: <https://www.helsenorge.no/nno/om-helsenorge-no/sprakpolicy/>